

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Grænhól.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 5. september 2023 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Grænhól.

Breytingin tekur til lóðarinnar Sjafnargötu 2 og felur í sér að lóðin stækkar um 1.173 m² til austurs fyrir allt að 700 m² þjónustu- og skrifstofuhúsnæði ásamt athafnasvæði.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41.-43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 19. september 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2023